



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Velferðarráðuneytið
b.t. Eyglóar Harðardóttur
félags- og húsnæðismálaráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík 29. september 2015

1509005SA KB/agb
Málalykill: 237

Efni: Móttaka sveitarfélaga á flóttamönnum

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um ofangreint mál á fundi sínum 11. september sl. og samþykkti svohljóðandi bókun:

Stjórnin leggur áherslu á að sambandið bjóði sveitarfélögum þjónustu sína við undirbúning móttöku flóttamanna, og beiti sér fyrir endurskoðun á inntaki þeirra samninga og reglna sem gilda um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna málaflokksins, í samvinnu við þau sveitarfélög sem málið varðar.

Með vísun til þessarar samþykktar óskar sambandið eftir fundi við fyrsta tækifæri með ráðuneytum velferðar- og innanríkismála til að ræða áhersluatriði sambandsins og aðkomu þess að undirbúningi vegna móttöku sveitarfélaga á flóttamönnum. Helstu áhersluatriði sambandsins eru þessi:

1. Sambandið telur að aukinn straumur flóttamanna hingað til lands kalli á heildarendurskoðun og samræmingu reglna um móttöku allra hópa flóttamanna. Setja þarf reglur um að flóttamenn, sem koma á eigin vegum til landsins og fá hæli, fái einnig móttökustuðning og að samningar ríkisins við sveitarfélög um móttöku taki einnig til þeirra. Samhæfa þarf lög um málefni innflytjenda, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um útlendinga varðandi móttöku flóttamanna og innflytjenda og skoða sem fyrirmyndir löggjöf í norrænum grannríkjum þar sem í sömu lögum er kveðið á um móttöku allra hópa flóttamanna og innflytjenda.

2. Þar sem fyrirséð er að sveitarfélög muni þurfa að taka á móti flóttamannahópum áður en slík endurskoðun hefur farið fram telur sambandið mikilvægt að strax verði farið í greiningu á kostnaðar- og verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, vegna móttöku flóttamanna. Til þessa hefur stuðningur ríkisins við sveitarfélög almennt miðast við eitt ár. Sambandið telur einsýnt að lengja þurfi stuðningstímabilið í samræmi við það sem tíðkast í öðrum norrænum ríkjum.

3. Jafnframt þarf að sjá til þess að sveitarfélög eigi kost á miðlægum stuðningi vegna sértækra þjónustu við flóttamenn, s.s. vegna túlkajónustu og fræðslu til starfsmanna. Fjölmeningarsetur hefur, skv. lögum um málefni innflytjenda, ráðgjafar- og upplýsingahlutverk gagnvart stjórnvöldum og stofnunum, sbr. a-lið 3. gr. laganna, og í b-lið 3. gr. er sérstaklega tilgreint að setrið skuli vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í

sveitarfélagið. Skoða þarf hvort og hvernig sé hægt að efla burði Fjölmenningarseturs til að sinna lögbundnu stuðningshlutverki sínu.


4. Einnig er þörf á að skerpa á samstarfi á milli sveitarfélaga og ríkisstofnana, sem bera ábyrgð á þjónustu sem flóttafólkið mun þurfa á að halda, s.s. Vinnuálastofnunar og heilbrigðisstofnana, svo og verkaskiptingu á milli sveitarfélaga og Rauða krossins.

5. Reynslan erlendis frá sýnir að ein stærsta áskorunin varðandi móttöku flóttamanna er að tryggja þeim öruggt húsnæði. Út frá stöðunni í húsnæðismálum landsmanna má telja ljóst það muni reynast bæði stórt og flókið viðfangsefni fyrir stjórnvöld að útvega flóttamönnum fullnægjandi húsnæði. Það er lykilatriði að samvinna takist milli ríkis, sveitarfélaga og fleiri aðila um þetta verkefni og að allra mögulegra leiða verði leitað til þess að mæta viðbúinni þörf. Íbúðalánasjóður og tengdir aðilar hljóta m.a. að koma að málum, með það fyrir augum að tómar íbúðir á þeirra vegum verði nýttar.

Að lokum vill sambandið leggja áherslu á þetta: Flóttamenn sem setjast að á Íslandi hafa flestir mátt þola miklar hremmingar, þeir koma úr ólíkum menningarheimi og þurfa mikinn stuðning í upphafi til að aðlagast íslensku samfélagi og aðstæðum. Til framtíðar litið þá skiptir það öllu máli að vel og faglega sé staðið að móttöku þeirra. Samþykktir fjölmargra sveitarfélaga að undanfögnu sýna að þau eru full vilja til að taka vel á móti þessum nýju íbúum. En það er jafnljóst að þau þurfa fullnægjandi stuðning frá ríkinu til að geta tekist á við þetta krefjandi verkefni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit: Innanríkisráðuneytið, Ólöf Nordal innanríkisráðherra